

BORGARRÁÐ 31. október 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stöðu framkvæmda á sérklefa í Vesturbæjarlaug - R19100451

Í bókun aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks frá 17. október 2019 undir lið númer 3 leggur nefndin fram bókun, nefndin leggur til að hafnar verði framkvæmdir við sérklefa í Vesturbæjarlaug eins fljótt og unnt er. Farið verði í framkvæmdir við sérklefann í Vesturbæjarlaug á undan framkvæmdum í Árbæjarlaug að því gefnu að hægt sé að tryggja fé til verksins. Í ljós hefur komið að ekki er hægt að hefja framkvæmdir við Árbæjarlaug fyrr en undir lok árs 2019 og verður farið í þær framkvæmdir um leið og aðstæður leyfa. Fyrirspurnin snýr að því hvað stendur í vegi fyrir því að framkvæmdir geti hafist? Er þá verið að tala um að framkvæmdir hefjist um desember 2019 eða eru framkvæmdir kannski að fara að hefjast á allra næstu vikum?